



Borgarráð

Fyrirkomulag afsláttar til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2022

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþegar árið 2022 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur

I. Réttur til 100% lækkunar

Einstaklingur með tekjur allt að 4.550.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 6.350.000 kr.

II. Réttur til 80% lækkunar

Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.550.001 til 5.210.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 6.350.001 til 7.040.000 kr.

III. Réttur til 50% lækkunar

Einstaklingur með tekjur á bilinu 5.210.001 til 6.060.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 7.040.001 til 8.410.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins og þær eru á hverjum tíma.

Greinargerð

Hækkun bóta almannatrygginga í upphafi árs 2021 var 3,6% og er lagt til að hækka viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega um sama hlutfall. Áætlaður kostnaður vegna þessarar tillögu á árinu 2022 nemur 510 milljónum króna.

Dagur B. Eggertsson